

Fundargerð 112. fundar stjórnar SSNV, 3. september 2024.

Þriðjudaginn 3. september 2024, kom stjórn SSNV saman á Hvammstanga. Hófst fundurinn kl. 9.00. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Álfhildur Leifsdóttir, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Halldór Gunnar Ólafsson og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Uppbyggingarsjóður Sóknaráætlunar
2. Ungmennaping SSNV
3. Samþykktir SSNV
4. Löggæslumyndavélar á Norðurlandi vestra
5. Framlögð mál til kynningar
 - a. Fundargerðir
 - b. Umsagnir
6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Afgreiðslur

1. Uppbyggingarsjóður Sóknaráætlunar

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmaður SSNV kom sem gestur til fundar. Almenn upplýsingagjöf og umræða um sjóðinn. Yfirferð á drögum að breytingum á úthlutunarreglum uppbyggingarsjóðs og tillögum úthlutunarnefndar. Góðar umræður og hluti af breytingartillögum úthlutunarnefndar samþykktar. Sjá [hér](#) uppfærðar úthlutnarreglur eftir yfirferð stjórnar. Stjórn þakkar Sveinbjörgu góða yfirferð.

2. Ungmennaping SSNV

Berglind Björnsdóttir og Brynja Sif Harðardóttir, starfsmenn SSNV komu til fundar og kynntu verkefni Ungmennapings SSNV sem haldið verður miðvikudaginn 11. september 2024 í félagsheimilinu á Blönduósi. Stjórn þakkar Brynju og Berglindi góða yfirferð.

3. Samþykktir SSNV

Á ársþingi SSNV sem haldið var í Húnabyggð í apríl sl. benti formaður kjörnefndar á ákveðna ágalla við tilnefningu sveitarfélaga í stjórnir, ráð og nefndir á vegum samtakanna. Er hér vísað til 28. gr. laga númer 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynja. Stjórn er sammála um mikilvægi ábendingar formanns kjörnefndar. Málið var áður tekið fyrir á 107. fundi stjórnar SSNV þann 7. maí sl. þar sem yfirferð stjórnar um skipan í nefndir var lagt fram til kynningar. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingatillögu á samþykktum og vísar málinu til haustþings SSNV.

4. Löggæslumyndavélar á Norðurlandi vestra

Samtal stjórnar um löggæslu- og eftirlitsmyndavélar á Norðurlandi vestra. Umræða byggð á minnisblaði sem barst frá lögreglustjóra umdæmisins til sveitarfélaga á svæðinu þann 13. ágúst síðastliðinn. Góðar umræður stjórnar sem vísar málinu áfram til haustþings SSNV.

5. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn SSA, 13. ágúst 2024. [Fundargerðin](#). Stjórn SSH, 21. ágúst 2024. [Fundargerðin](#).

Stjórn SSH, 19. ágúst 2024. [Fundargerðin](#).

b. Umsagnir

[Sameining sjóða - áform um breytingar á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir](#). Mál nr. S-161/2024. Umsagnarfrestur er til og með 18. september 2024.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:00.

Einar E. Einarsson,
Álfhildur Leifsdóttir,
Magnús Magnússon,
Guðmundur Haukur Jakobsson,
Halldór Gunnar Ólafsson
Katrín M. Guðjónsdóttir.